

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Norðurþingi.

Holtahverfi, Húsavík, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 31. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi Holtahverfis á Húsavík. Breytingin felur í sér fjölgun á íbúðareiningum við Lyngholt 26-32 úr 4 í 6 og fá þær húsnúmerin 26a-f. Lóðanúmer nágrannalóða raskast ekki.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 25. október 2022.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 8. nóvember 2022